

# Skilgreining verkefna - fylgirit

## 1 Skíðavikan – árlegur viðburður um páskana.

Vinna við viðburði í tengslum við skíðavikuna í samstarfi við menningarmálanefnd og/eða verkefnisstjóra. Viðkomandi félög sjá um að skipuleggja og framkvæma eftirfarandi viðburði:

Páskaeggjamót: Panta páskaeegg og ganga frá samningum við styrktaraðila um það. Koma eggjunum á sinn stað. Vera í sambandi við svæðisstjóra um hvar mótið verði haldið, útbúa brautir á Seljalandsdal og í Tungudal. Fá lánuð tæki og tól sem til þarf við brautargerð. Sjá um framkvæmd mótsins og afhenda páskaeigin. Ganga frá að móti loknu. Mótið er ætlað 12 ára og yngri. Ef samningur fæst ekki við styrktaraðila gæti mótið fallið niður.

Garpamót: Vera í sambandi við svæðisstjóra um hvar mótið verði haldið, útbúa brautir á Seljalandsdal og í Tungudal. Fá lánuð tæki og tól sem til þarf við brautargerð. Sjá um framkvæmd mótsins og afhenda verðlaun/páskaegg fyrir fyrstu þrjú sætin í hverjum flokki. Kaupa páskaeigin. Ganga frá að móti loknu. Mótið er ætlað 30 ára og eldri.

Furðufatadagur: Umsjón með grilli. Útvega hráefni, grill og vinna við grillun og sölu. Útvega borð og fá leyfi fyrir rými undir söluna. HSV/félagið fær ágóðann af sölunni.

Snjóbrettamót: Vera í sambandi við svæðisstjóra um hvar mótið verði haldið og útbúa braut í Tungudal. Fá lánuð tæki og tól sem til þarf við framkvæmdina. Sjá um framkvæmd mótsins og afhenda verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í stelpu- og strákaflokki. Kaupa verðlaun. Ganga frá að móti loknu. Mótið er ætlað ungingum 12 ára og eldri.

Fjallaskíðamót: Vera í sambandi við svæðisstjóra og skíðavikustjóra um hvar mótið verði haldið og útbúa braut. Fá lánuð tæki og tól sem til þarf við framkvæmdina. Sjá um framkvæmd mótsins og afhenda verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin. Kaupa verðlaun. Ganga frá að móti loknu. Mótið er öllum opið.

Skíðaskotfimi: Vera í sambandi við svæðisstjóra um hvar mótið verði haldið, útbúa brautir á Seljalandsdal og í Tungudal. Fá lánuð tæki og tól sem til þarf við brautargerð. Sjá um framkvæmd mótsins og afhenda verðlaun. Ganga frá að móti loknu.

Kakósala á setningunni: Útvega og sjá um söluna. Útvega borð og fá leyfi fyrir rými undir söluna. HSV/íþróttafélag fær ágóðann af sölunni.

Flöggun á skíðasvæðinu og Ísafirði á meðan á skíðaviku stendur í samstarfi við þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar, sem setur upp og útvegar fánastangir og íslenska fána. Fánar dregnir upp að morgni og niður að kvöldi frá miðvikudagskvöldi til mánuðagskvölds. HSV/íþróttafélag skal hafa samband við þjónustumiðstöð á opnunartíma hennar.

## 2 Þrif á fjörum að vori.

Ísafjörður - frá flugvelli að Skarfaskeri. Verkið skal unnið að vori og vera lokið 10. júní ár hvert. Ganga þarf fjörurnar þegar fallið er út og tína allt það sem fjarlægja má með handaflí. Koma ruslinu inn í Funa eða á gámasvæði á vegum Ísafjarðarbæjar.

Suðureyri - hafnarsvæðið frá gámasvæði að brjót. Verkið er unnið fyrir Sæluhelgi á Suðureyri. Ganga þarf fjörurnar þegar fallið er út og tína allt það sem fjarlægja má með handaflí. Koma ruslinu í Funa - eða gámasvæði á vegum Ísafjarðarbæjar.

Flateyri - í kringum eyrina. Verkið unnið að vori. Ganga þarf fjörurnar þegar fallið er út og tína allt það sem fjarlægja má með handaflí. Koma ruslinu í Funa eða á gámasvæði á vegum Ísafjarðarbæjar.

Þingeyri - í kringum byggðina. Verkið skal unnið fyrir Dýrafjarðardaga. Ganga þarf fjörurnar þegar fallið er út og tína allt það sem fjarlægja má með handaflí. Koma ruslinu í Funa eða á gámasvæði á vegum Ísafjarðarbæjar.

### **3 Umsjón með golfvöllum**

Hafa umsjón með golfvöllum í Tungudal og Meðaldal. Sjá um nauðsynlegt viðhald á völlunum s.s. slátt, vökvun og áburðargjöf. Halda svæðunum snyrtilegum.

Til viðbótar fá félögin/félagið rekstrarstyrk, eitt stöðugildi á hvorn golfvöll í 5 mánuði, greiddan beint frá Ísafjarðarbæ. Laun eru greidd miðað við launaflokk 121 samkvæmt samflotssamningum. Þá fá þeir unglings frá Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar til aðstoðar við umhirðu vallanna þær vikur sem hann starfar. Unglingarnir verða í umsjón þeirra meðan á vinnu þeirra stendur.

Sjá um slátt og aðra umhirðu á púttvellinum á Torfnesi sem hér segir. Völlinn skal slá þrisvar í viku frá 15. maí til 15. september. Áburð skal bera á völlinn 5 sinnum yfir sumarið og hann gataður einu sinni yfir sumarið. Völlurinn verði slæsaður tvisvar yfir sumarið og sandaður a.m.k. 2. sinnum yfir sumarið. HSV ber ábyrgð á að völlurinn verði vökaður eins og nauðsynlegt er. Ísafjarðarbær mun sjá um kaup á áburði, fræi og sandi og leggja til áburðardreifara. Ísafjarðarbær mun sjá um hreinsun á runnum og umhverfi vallarins. Sjái um opnun og lokun vallarins yfir sumarmánuðina.

### **4 17.júní**

Vinna að undirbúningi og framkvæmd hátíðarhalda í samstarfi við menningarmálaneftnd og/eða verkefnisstjóra. Vinna við uppsetningu sviðs á hátíðarsvæði, þrif meðan á hátíðinni stendur og að henni lokinni, flöggun, flutning hljóðkerfis á svið hátíðarsvæðis og önnur tilfallandi verk sem verkefnisstjóri hátíðarinna felur þeim. Setja upp og halda utan um ratleik. Sjá um andlitsmálningu. Skipuleggja og sjá um kassabílarallí eða sambærilega skemmtun. Fá hestamenn til að teyma hesta undir börn. Setji upp snyrtileg sölutjöld, sjá um sölna, útvega aðföng og búnað sem til þarf. Sölutjöld skulu vera í gangi að hátið lokinni, ef kvölddansleikur er á öðru svæði en hátíðarsvæði þarf einnig að setja upp sölutjald/sölubás þar. HSV/íþróttafélag fær ágóðann af sölunni.

### **5 Þrif eftir áramót**

Þrif á flugeldum og drasli. Verkið unnið fyrstu daga janúarmánaðar (2.-3. janúar), snjói strax eftir áramótin þarf að fylgjast með veðri og hreins drasl um leið og mögulegt er. Þrifin eru í öllum byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar og skulu allar götur og opin svæði hreinsuð. Koma ruslinu í Funa eða á gámasvæði Ísafjarðarbæjar.

## **6 Vinna við knattspyrnusvæði**

Umsjón með vallarsvæðinu á Torfnesi. Gæsla á leikjum bæði á velli og inni í húsi og. Sjá um að opna og loka vallarhúsi/íþróttahúsinu á Torfnesi fyrir og eftir leiki/æfingar sem fram fara utan venjulegs dagvinnutíma. Ganga frá og þrífa svæðið eftir leiki. Gæsla á leikjum í Vallarhúsi og íþróttahúsinu á Torfnesi þegar við á. Halda auglýsingaskiltum í þannig ástandi að þau séu svæðinu til sóma.

## **7 Vorþrif**

Ruslahreinsun frá Túngötu á Ísafirði og niður á Suðurtanga. Sérstök áherlsa á gömlu húsin í Neðsta, sunnantil á eyrinni, sjúkrahústúnið og Jónsgarð. Einnig kringum göngustíginn neðan við Sólborg. Tína rusl opnum svæðum, götum, gangstéttum og runnum og koma ruslinu í Funa eða á gámasvæði Ísafjarðarbæjar.